

Náttúruverndarstofnun

Fjallabyggð
Pálmi Blængsson
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Garðabær, 13. mars 2025
202502-0104/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2022-2032 - Kirkjugarður við Brimnes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjallabyggðar er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2022-2032 vegna kirkjugarðsins við Brimnes.

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að við Brimnes verður skipulagt svæði fyrir framtíðar kirkjugarð Ólafsfirðinga. Núverandi kirkjugarður við Aðalgötu er nánast fullnýttur og tækifæri til stækkunar á því svæði ekki metin hagfelld. Auk þess segir að með nýju deiliskipulagi fyrir Brimnes er tryggt landrými fyrir kirkjugarða í Ólafsfirði og Siglufirði til næstu áratuga miðað við gefnar forsendur. Núgildandi aðalskipulag Fjallabyggðar (2022-2032) gerir ekki ráð fyrir nýjum kirkjugarði í Ólafsfirði og því þarf að vinna lögformlega breytingu á því skipulagi samhliða deiliskipulagsgerðinni fyrir garðinn í Brimnesi.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ingibjörg M. Bjarnadóttir
sérfræðingur